

## Byggðamálaráð

### Fundargerð 3. fundar byggðamálaráðs

Fundur haldinn í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu 21. febrúar 2019 kl. 11.00

#### Dagskrá:

1. Hlutverk og störf byggðamálaráðs
2. Byggðaaáætlun 2018-2024. Staða og framkvæmd.
3. Sóknaráætlanir landshluta
4. Ályktanir landshlutasamtaka sveitarfélaga
5. Önnur mál

**Mættir:** Ágúst Bjarni Garðarsson, formaður, Aðalsteinn Þorsteinsson (á símafundi frá Sauðárkróki), Hanna Dóra Hólm Másdóttir, Ingveldur Ása Konráðsdóttir, Karl Björnsson, Hermann Sæmundsson, Sigtryggur Magnason og Hólmfríður Sveinsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn.

#### Umfjöllun og afgreiðsla:

##### 1. Hlutverk og störf byggðamálaráðs

Fyrir fundinn höfðu fundarmenn fengið send drög að erindisbréfi byggðamálaráðs og drög að áherslum ráðherra við gerð byggðaaáætlunar. Engar athugasemdir voru við drögin og fögnuðu ráðsmenn því verklagi að fá skjölin til umfjöllunar í drögum.

Í áherslubréfi ráðherra, sem og erindisbréfi ráðsins, kemur fram að ráðið setji sér starfsáætlun fyrir hvert ár. Rætt var um starfsáætlun fyrir árið 2019. Stefnt er að því að hún verði tilbúin og samþykkt af ráðinu í byrjun mars og send ráðherra í kjölfarið.

Rætt var um mögulega skörun á hlutverki og verkefnum byggðamálaráðs og stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál og voru fundarmenn sammála um að það væri ekki raunin og að með tilkomu byggðamálaráðs væri í verið að lögfesta hlutverk sem verkefnisstjórnir byggðaaáætlana hafa haft til þessa. Fundarmenn sammála um að mikilvægt væri að eiga gott samstarf við stýrihópinn.

Fram kom ánægja með nýtt fyrirkomulag og verklag sem verið er að þróa og vinna eftir í tengslum við byggðamál hjá ríkinu.

##### 2. Byggðaaáætlun 2018-2024. Staða og framkvæmd

Fyrir fundinn höfðu ráðsmenn fengið sent yfirlit yfir allar 54 aðgerðir byggðaaáætlunar, þar sem meðal annars kemur fram hvort aðgerð er hafin eða ekki. Alls eru 37 aðgerðir í gangi, einni aðgerð er lokið, en 16 aðgerðir eru annað hvort ekki farnar af stað eða beðið er upplýsinga um þær. Ítarlegri upplýsingar um hverja aðgerð verða settar á vef ráðuneytisins á næstu vikum.

Samkvæmt fyrirbyggjandi drögum að erindisbréfi er ráðinu ætlað að leggja árlega mat á hvernig gengið hefur að framfylgja gildandi byggðaaáætlun á næstliðnu ári. Stefnt er að því að vinna slíkt mat og skila til ráðherra fyrir lok mars.

## Byggðamálaráð

### 3. Sóknaráætlanir landshluta

Verkefnisstjóri kynnti minnisblað stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál um endurnýjun samninga um sóknaráætlanir landshluta, en núgildandi samningar renna út í árslok. Umræða um sóknaráætlanaverkefnið og mikilvægi þess í byggðaþróun.

### 4. Ályktanir landshlutasamtaka sveitarfélaga

Frestað á síðasta fundi ráðsins. Ályktanirnar ræddar.

### 5. Önnur mál

Ákveðið að fundargerðir byggðamálaráðs verði settar á vef ráðuneytisins.

Næsti fundur verður ákveðin í tengslum við gerð starfsáætlunar fyrir árið 2019.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12.00